

Kreppa og stríð 1930–1945

Skapandi skrif – bernskuminning

Það kennir ýmissa grasa þegar flett er í ritsafni **Jóhannesar úr Kötlum** og lesin kvæði sem hann orti fyrir krakka. Í kaflalokum um Jóhannes úr Kötlum (sjá bókmenntasögu) er vikið aðeins að kvæðum hans fyrir börn án þess að gera því efni viðhlítandi skil.

Þetta verkefni felst í því að þú velur eitt kvæði eftir Jóhannes sem þú þekkir frá því að þú sjálf(ur) varst hnokki/hnáta. Þú skrifar kvæðið upp og lætur það gefa þér innblástur í bernskuminningu – gaman væri að hún tengdist kvæðinu.